



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á aldarafmæli Skáksambands Íslands**

**Blönduósi,
21. júní 2025**

Kæru skákmenn, skákvinir, góðir gestir.

Í dag höldum við upp á tímamót. Við fögnum aldarafmæli Skáksambands Íslands og þökkum öllum þeim sem þar hafa lagt hönd á plóginn gegnum tíðina.

Þegar Skáksambandið var stofnað í læknisbústaðnum hér á Blönduósi 23. júní árið 1925, var það ekki sjálfsagt mál að skákin yrði sú þjóðaríprótt Íslendinga sem síðar varð. Skákmenn voru öflugir í Reykjavík og nágrenni, en það voru þeir ekki síður á Norðurlandi, svo sem á Akureyri. Einnig komu þarna við sögu áhugamenn úr Skagafirði, Hörgárdal og Blönduósi. Og eitt fyrsta verk þessara frumherja var að hefja útgáfu Skákblaðsins.

Lengi mætti ræða um árangur Íslendinga í skákinni en ég ætla ekki að þreyta ykkur með því enda þekkið þið þá sögu vel, mörg hver. En ég leyfi mér að rifja upp að árið 1939 unnu Íslendingar sigur í B-riðli Ólympíumótsins í Buenos Aires í Argentínu og hefur það afrek orðið mörgum ungum skákunnendum hvatning á sínum tíma. Þar kepptu meðal annarra Baldur Möller og Guðmundur Arnlaugsson.

Þegar rætt er um skáklistina á Íslandi kemur einkum tvennt upp í hugann. Annað er hið sögulega einvígi Fischers og Spasskís í Laugardalshöll árið 1972, einvígi frábærra afreksmanna sem höfðu svo sterkan og sérstakan persónuleika. Margt hefur verið skrifað um þessa meistara og einvígi þeirra; menn rifja upp hlut Guðmundar G. Þórarinssonar og Sæmundar Pálssonar (sem kallaður var Sæmi Rokk) í þessum viðburðum. Nefna má að nýlega hefur Einar Kárason skrifað

skemmtilega skáldsögu sem byggir á þessu sögulega einvígi og vegferð Fischers. Eitt af því sem gerði það eftirminnilegt var að þarna tókust stórveldin á í miðju kalda stríðinu – í einhverjum skilningi varð þetta eins og friðsamleg leið til að jafna misklíðina á vettvangi alþjóðamála, jafnvel einhvers konar undanfari leiðtogafundarins í Höfða sem haldinn var árið 1986. Bobby Fischer myndaði sérstök tengsl við Ísland og veitti Alþingi honum ríkisborgararétt 21. mars árið 2005. Tveimur dögum síðar flaug hann hingað til lands og lenti á Reykjavíkurflugvelli. Hann bjó því síðustu daga ævi sinnar hér á landi og kryddaði þjóðlífið með sérvisku sinni. Við komu sína til landsins sagði hann: „Hér er hreint og gott loft, nóg rými og góður matur.“

Hitt sem ég hugsa um, þegar horft er yfir sögu skáklistar á Íslandi, er hlutur Friðriks heitins Ólafssonar stórmeistara og fyrrum forseta Alþjóða skáksambandsins FIDE. Friðrik var sérlega viðkunnanlegur í framgöngu og sýndi mikla leiðtogahæfileika í sínum störfum. Hann starfaði sem skrifstofustjóri Alþingis og axlaði þar mikilvæga byrði. Kunnugir segja líka að Auður Júlíusdóttir, kona hans, hafi átt drjúgan hlut að málum og stutt hann dyggilega í hinu mikla starfi hans fyrir skákhreyfinguna. Þau hjónin féllu bæði frá nú í vor, blessuð sé minning þeirra.

Í dag er tilefni til að þakka öllum þeim sem stutt hafa við framgang skáklistarinnar á Íslandi og mætti þar fyrstan nefna Daniel Willard Fiske, hinn merka velgjörðarmann sem forðum gaf íbúum Grímseyjar taflsett. En þeir eru gríðarmargir sem unnið hafa við að kenna ungu fólki skák, hafa verið sjálfboðaliðar á skákmótum og staðið sína vakt á hliðarlínunum. Öllum þeim viljum við færa þakkir í dag, ekki síður en hinum sem staðið hafa í stafni sem öflugir leikmenn. Að öðrum ólöstuðum þá kemst ég ekki hjá því að nefna hér sérstaklega tvo góðvini mína, þá Jóhann Hjartarson og Helga Ólafsson, en báðir hafa reynst mér traustir vinir í áratugi. Þá er gaman að geta þess að Ísland er ekki bara öflug skákpjód í sögulegum skilningi heldur virðist framtíð þessarar íþróttar björt, að minnsta kosti hvað virkni varðar, því samkvæmt heimskorti Chess.com er þriðji hver Íslendingar að tefla þar, og er það að sjálfsögðu heimsmet!

Af sögu Skáksambandsins má ljóst vera að skáklistin á Íslandi hefur löngum verið „dómineruð“ af karlmönnum. Um það er ekkert nema gott að segja en býður auðvitað upp á ýmis sóknarfæri fyrir konurnar. Í því sambandi vil ég benda alveg sérstaklega á stöðu drottningarinnar á skákborðinu. Hún ber höfuð og herðar yfir aðra taflmenn skákborðsins, horfir yfir sviðið allt og er svo öflug að öðrum taflmönnum stendur sífellt stuggur af henni. En það var ekki alltaf þannig. Við landafundina miklu á árunum í kringum 1500 var það Ísabella, Spánardrottning sem hjálpaði

Kristófer Kólumbus að fjármagna útgerðina til Nýja heimsins. Spánverjar voru svo hrifnir af frumkvæði hennar að leikreglum skákarinnar var breytt og Drottningin fæddist. Ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenskar konur eigi eftir að láta enn frekar til sín taka í skákinni, líkt og þær gera á öðrum sviðum okkar samfélags, og hlakka til að fylgjast með þeirri sókn sem mun án vafa styrkja skákípróttina enn frekar.

Ég vil að lokum þakka ykkur Húnvetningum fyrir markvert framlag á sviði skáklistar, bæði fyrr og síðar, og ég óska öllum skákmönnum landsins til hamingju með árangur okkar í þessari göfugu og fögru keppnisgrein, sem er ekki bara keppni, heldur líka list, hugsun, og hentug leið til að kynnast sjálfum sér og öðrum. Kærar þakkir, Skáksamband Íslands og innilega til hamingju með aldarafmælið!